



# Fundagerð 238.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. mars 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga, Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Ólafur R. Ólafsson og Sóley Björk Stefánsdóttir. Einnig sat fundinn Þröstur Friðfinnsson áheyrnarfulltrúi.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 237. fundar frá 13. febrúar s.l. *Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Mengunarmælir.

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar er að kanna þann möguleika á að kaupa svifryksmæli. Áætlaður kostnaður við mælinn er um 10 mkr. Stjórn HN samþykkir að leggja verkefninu lið með framlagi upp á 2 mkr.

### 3. Breyting á stjórn HN.

Lögð fram tillaga V-lista um breytingar á skipan fulltrúa í stjórn Hafnasamlags Norðurlands. Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir verður aðalfulltrúi í stað Edwards H. Huijbens. Sóley Björk Stefánsdóttir verður varafulltrúi í stað Jönu Salóme.

### 4. Stofnsamþykktir HN

Breyttar stofnsamþykktir hafa farið í gegnum samþykktarferli hjá öllum eigendum HN. Stjórn HN staðfestir breyttar samþykktir og vísar til aðalfundar til staðfestingar.

### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.



Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Eva Hrund Einarsdóttir

---

Sóley Björk Stefánsdóttir

---

Ólína Freysteinsdóttir

---

Ólafur R. Ólafsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---